



Alþingi
Erindi nr. B 120/1812
komudagur 215 1996

30. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Með bréfum dags. 19. apríl sl. fékk Seðlabanki Íslands til umsagnar fjögur frumvörp til laga tengd fjármagnstekjuskatti. Hjalögð er umsögn sem nær til frumvarpanna allra.

Seðlabankinn óskar að koma því að framfæri við nefndina að tíminn sem gefinn var til þess að fara yfir frumvörpin og veita um þau umsögn var afar skammur og skemmri en svo að hæfi svo viðamiklu máli sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rísi Tel. Gunnarsson

30. apríl 1996

Umsögn um frumvörp um skattlagningu fjármagnstekna Frumvörp: 421. mál, 422. mál, 428. mál og 429. mál

1. Inngangur

Fyrir Alþingi liggja tvö frumvörp um skattlagningu fjármagnstekna. Í þessari umsögn mun Seðlabanki Íslands ekki taka afstöðu til þeirra sem slíkra. Hann telur þó skylt að koma ýmsum almennum sjónarmiðum á framfæri varðandi skattlagningu fjármagnstekna og hvora tillöguna um sig og verða þau rakin í 2. til 4. kafla umsagnarinnar. Í síðasta kafla hennar verður m.a. vikið að ákveðnu verkefni sem bankanum yrði falið skv. 3. tl. 1. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Almennt er bankinn þeirrar skoðunar að séu fjármagnstekjur skattlagðar á annað borð sé nauðsynlegt að samræmis sé gætt við skattlagninguna á milli einstakra eignaforma. Hvorug tillagan fullnægir þessu skilyrði því hvorug tekur á því ósamræmi sem nú er varðandi eignaskattsmeðferð fjármagnseigna. Tillögurnar byggja á skattlagningu nafnvaxta en í báðum er gerð tilraun til þess að taka tillit til þess að réttara væri að skattleggja raunávöxtun eigna, en með mismunandi hætti þó. Athygli má vekja á að í báðum tillögum felst ákveðin viðkvæmni gagnvart verðbólgu og raunvaxtastigi sem kallað getur á breytingar á skatthlutföllum eða hlutfalli skattskyldra fjármagnstekna frá því sem gert er ráð fyrir í tillögunum ef umskipti verða í verðlagsmálum.

2. Skilgreiningar

Til að gera umfjöllun í síðari köflum auðveldari eru hér í upphafi settar fram mikilvægar skilgreiningar sem snerta málið. Fjármagnstekjur einstaklinga eru tekjur af fjármagnseign í hvaða formi sem þær kunna að vera, þ.e. af innstæðum í bönkum, skuldabréfaeign, hlutabréfaeign, eða fasteign.¹ Við þessa upptalningu mætti síðan bæta lífeyrisparnaði, en þar sem hann er á margan hátt sérstaks eðlis og um hann gilda margvíslegar sérreglur, verður fjallað um hann sérstaklega. Tekjur af ofangreindum eignum má einnig greina eftir formum, þ.e. í vexti, afföll, arð, söluhagnað og leigutekjur. Neðangreind tafla flokkar saman eignarform og tekjuform.

¹ Þessar tekjur mætti eins nefna eignatekjur, þar sem um er að ræða tekjur af eignum í einu formi eða öðru.

Eignarform:	Tekjuform:
Bankainnstæður	Vextir
Skuldabréf	Vextir, afföll og söluhagnaður eða áfallin verðbreyting
Hlutabréf/hlutdeildar-skirteini	Arður og söluhagnaður eða áfallin verðbreyting
Fasteignir	Leigutekjur og söluhagnaður eða áfallin verðbreyting

Skattlagning á ofangreindum eignum og tekjum getur almennt séð tekið á sig margvísleg form, en hér verður aðeins fjallað um skattlagningu teknanna.² Í fyrsta lagi, getur verið mismunandi hvort notuð er svokölluð *búseturegla* eða *upprunaregla*. Hrein búseturegla felur það í sér að einstaklingurinn er skattlagður í sínu heimalandi af öllum fjármagnstekjum sem hann kann að hafa, hvort sem er í heimalandinu eða erlendis. Einstaklingurinn stendur þannig frammi fyrir einu skatthlutfalli á allar fjármagnstekjur sínar. Hrein upprunaregla felur það hins vegar í sér að fjármagnstekjurnar eru aðeins skattlagðar í því landi sem þær eiga uppruna sinn. Einstaklingurinn býr þannig við mismunandi skatthlutföll af fjármagnstekjum sínum eftir því í hvaða landi þær eru upprunnar, nema að skatthlutföll séu hin sömu í öllum löndum.

Í öðru lagi, geta fjármagnstekjur verið skattlagðar innan ramma almenns tekjuskatts einstaklinga, eða sem sérstakur skattur. Í þriðja lagi, getur skatturinn verið lagður á miðað við *rekstrargrunn* eða *greiðslugrunn*. Í fyrra tilfellinu eru tekjurnar skattlagðar eftir því sem þær falla til, óháð því hvenær þær eru til ráðstöfunar hjá viðkomandi.³ Í seinna tilfellinu eru tekjurnar aðeins skattlagðar þegar þær koma til greiðslu eða eru til nýrrar ráðstöfunar.⁴ Í fjórða lagi, getur verið mismunandi hvort skatturinn er innheimtur í staðgreiðslu og þá hvort sú staðgreiðsla er endanleg eða aðeins greiðsla upp í endanlega tekjuskattsálagningu.

Það er ljóst að sum af þessum atriðum geta farið saman og sum ekki. Þannig getur búsetureglan farið saman við hvort sem er almenna tekjuskattlagningu eða sérsköttun, með eða án staðgreiðslu í hvoru forminu sem er. Upprunareglan getur aftur á móti vart farið saman við almenna tekjuskattlagningu, þar sem einstaklingar búsettir erlendis eru ekki framtalsskyldir í landinu. Upprunareglan og endanlega staðgreiðsla fara hins vegar mjög vel saman. Rekstrargrunnur og greiðslugrunnur geta báðir farið saman við búsetureglu, en upprunareglu er líklega erfitt að framkvæma á rekstrargrunni gagnvart útlendingum. Meðfylgjandi tafla sýnir hvaða skattaadferðir og fyrirkomulag innheimtu geta farið saman við annars vegar við búsetureglu og hins vegar við upprunareglu.

² Eignaskattar geta komið til viðbótar tekjuskattlagningu eða í stað hennar. Með vissum hætti má líta á eignarskatta sem frumstæðasta form skattlagningar eignatekna.

³ Dæmi um þetta eru áfallnir vextir á kúlubréf sem ekki eru komin til innlausnar eða hafa verið seld.

⁴ Greiðslugrunnur er notaður við skattlagningu verðbreytingarhagnaðar á hlutabréfum og fasteignum hér á landi, og því er um skattlagningu söluhagnaðar að ræða. Ef notaður væri rekstrargrunnur myndi áfallin verðbreyting vera skattlögð.

Meginregla:	Búseturegla:	Upprunaregla:
Skattaðferð:	Almennur tekjuskattur og sérskattur	Sérskattur
Staðgreiðsla:	Öll form	Endanleg staðgreiðsla

3. Meginatriði tillagnanna og skattbyrði raunvaxta

Tillögur ríkisstjórnarinnar

Í meginatriðum felast tillögur ríkisstjórnarinnar í eftirfarandi atriðum:

1. Lagður verður á 10% sérskattur á allar fjármagnstekjur einstaklinga.
2. Skatturinn verður lagður á nafnvexti fremur en raunvexti.
3. Skatturinn verður innheimtur í staðgreiðslu en endanlegt uppgjör verði á grundvelli framtals.
4. Skatturinn gjaldfellur þegar tekjur koma til greiðslu fremur en eftir því sem þær falla til.
5. Skattskyldan er almenn og án undantekninga, nema hvað lífeyrisjóðir, nokkrir tilgreindir lánasjóðir, Seðlabanki Íslands og lánastofnanir eru undanþegnar vaxta-skattinum, og söluhagnaður íbúðahúsnæðis er undanþegin almenna fjármagnstekjuskattinum.
6. Skattlagningin felur í sér að skattlagning tekna af rauneignum verður minni en nú er. Einkum á þetta við um arð af hlutafé.

Fyrirliggjandi tillögur byggja á búsetureglu, greiðslugrunni, sérskatti en staðgreiðslu upp í endanlega álagningu. Það er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að hin raunverulega skattbyrði gagnvart vöxtum er háð því hversu há verðbólga og raunvextir eru. Meðfylgjandi tafla sýnir þetta samhengi, en hún sýnir skatthlutfall á raunvexti miðað við mismunandi verðbólgu og raunvexti.

Skatthlutfall á raunvexti

Verðbólga	Raunvextir						
	2%	3%	4%	5%	6%	7%	8%
0%	10%	10%	10%	10%	10%	10%	10%
2%	20%	17%	15%	14%	13%	13%	12%
4%	29%	23%	20%	18%	16%	15%	15%
6%	38%	29%	24%	21%	19%	18%	17%
8%	47%	35%	29%	25%	22%	21%	19%
10%	55%	40%	33%	28%	25%	23%	21%

Miðað við núverandi verðbólgu og raunvexti ríkisskuldabréfa á bilinu 5-6% er hér um hóflega skattlagningu að ræða, eða 13-14%. Ætla má að meðalraunvextir fjáreigna heimila séu á bilinu 2,5 - 3%. Miðað við 2% verðbólgu felur það í sér nær 17% skattbyrði á raunvexti. Ef verðbólga hækkar eða raunvextir lækka, þyngist skattbyrðin. Þannig hækkar skattbyrðin í 29% ef raunvextir lækka í 2% og verðbólga fer í 4%. Ekki er gert ráð fyrir neinu kerfi í frumvarpinu til að breyta nafnvaxtaskatthlutfallinu í ljósi breytilegrar verðbólgu og verður því að koma til

breyting á lögum ef ástæða þykir til slíkrar breytingar. Annar möguleiki hefði verið að skipta nafnvaxtaskatthlutfallinu í tvo hluta, þ.e. fast skatthlutfall og breytilegt hlutfall skattlagðra nafnvaxta sem ákvarðaðist hverju sinni á grundvelli verðbólgu og raunvaxta. Miðað við 2% verðbólgu og 3% raunvexti verður hlutfallið 0,6, og þá gefur 16,6% skatthlutfall 10% nafnvaxtaskatt. Haldist verðbólga áfram lág, eins og stefnt er að, verður þetta þó ekki brýnt úrlausnarefni.

Tillögur formanna þriggja stjórnarandstöðuflokka

Tillögur formanna þriggja stjórnarandstöðuflokka taka aðeins til vaxtatekna og gjalda einstaklinga, þar sem engar breytingar eru lagðar til á skattlagningu annarra fjármagnstekna frá því sem er í núverandi skattalögum. Eins og stjórnartillögurnar byggja þær á nafnvaxtaskattlagningu, búsetureglu, greiðslugrunni og staðgreiðslu upp í endanlega álagningu. Hins vegar er ekki um sérskatt að ræða, þar sem vaxtatekjur eru skattlagðar innan ramma almennu tekjuskattslaganna með því skatthlutfalli sem þar gildir. Á móti kemur að vaxtatekjur eru margfaldaðar með tölunni 0,6 áður en þær koma til skattlagningar, eftir að sérstök frítekjumörk sem eru 40.000 kr. hjá einstaklingi og 80.000 kr. hjá hjónum hafa verið dregin frá. Með því að skattleggja aðeins ákveðið hlutfall nafnvaxta er væntanlega verið að nálgast skattlagningu raunvaxta að meðaltali, en ofangreint hlutfall samrýmist 3% raunvöxtum miðað við 2% verðbólgu, eins og áður hefur komið fram. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir neinu kerfi til að breyta hlutfallinu á grundvelli breytilegrar verðbólgu og raunvaxta, utan þess að breyta lögum.

Miðað við núverandi skatthlutföll fela ofangreindar tillögur í sér 25% jaðarskatthlutfall nafnvaxta og um 28% hjá þeim sem greiða hátekjuskatt. Meðalskatthlutfall verður hins vegar mjög mismunandi í einstökum tilfellum, eða frá núlli og upp undir jaðarskatthlutfallið, allt eftir því hvernig sérstök frítekjumörk og persónuafsláttur nýtist á móti þessum tekjum. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að meðalskatthlutfall geti að meðaltali orðið um 18%. Þar sem þessi niðurstaða er væntanlega byggð á gögnum um framtalda vexti, verður að taka henni með miklum fyrirvara. Hún bendir þó til að meðalskatthlutfall verði nokkru hærra en í tillögum stjórnarmeirihlutans.

Skattbyrði gagnvart raunvöxtum verður samkvæmt þessum tillögum breytileg eftir verðbólgu og raunvöxtum eins og í tillögum stjórnarmeirihlutans. Neðangreind tafla sýnir jaðarskatthlutfall gagnvart raunvöxtum ef jaðarskatthlutfall gagnvart nafnvöxtum er 25%, miðað við mismunandi verðbólgu og raunvexti. Miðað við núverandi verðbólgu og 3% raunvexti, verður jaðarraunvaxtaskattbyrðin um 41%, en fari verðbólgan í 4% verður jaðarskattbyrðin 57%. Meðalskattbyrði verður hins vegar í mörgum tilfellum mun lægri, eins og fram hefur komið.

Jaðarskatthlutfall

Verðbólga	Raunvextir						
	2%	3%	4%	5%	6%	7%	8%
0%	25%	25%	25%	25%	25%	25%	25%
2%	50%	41%	37%	35%	33%	32%	31%
4%	73%	57%	49%	44%	41%	39%	37%
6%	96%	72%	60%	53%	49%	45%	43%
8%	118%	87%	71%	62%	56%	51%	48%
10%	139%	101%	82%	70%	63%	57%	53%

4. Áhrif á sparnað, vexti og fjármagnshreyfingar

Í næstu tveim undirköflum verður fjallað með almennum hætti um áhrif upptöku skattlagningar vaxtatekna á sparnað, vexti og fjárstrauma. Þessi áhrif eru sameiginleg með báðum tillögnum, þótt að þau kunni að vera missterk. Ekki liggja fyrir neinar bitastæðar talnalegar rannsóknir á þessu viðfangsefni hér á landi og því er stuðst við almennar niðurstöður byggðar á hagfræðikenningum.

Sparnaður og vextir

Þegar hugað er að áhrifum skattlagningar vaxtatekna einstaklinga er nauðsynlegt að gera greinarmun á áhrifunum á þjóðhagslegan sparnað annars vegar og fjársparnað hins vegar. Tölfræðilegir útreikningar staðfesta jákvætt samband á milli raunvaxta og fjársparnaðar. Hins vegar hefur þjóðhagslegur sparnaður farið minnkandi á undanförunum árum og áratugum á sama tíma og raunvextir hafa hækkað. Þjóðhagslegur sparnaður er flæðistærð, þar sem hann er skilgreindur sem landsframleiðsla að frádreginni einkaneyslu og samneyslu. Hann er samsettur af sparnaði heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Því getur hann auðveldlega þróast með töluvert öðrum hætti en fjársparnaður, sem hefur að mestu farið fram utan hins opinbera (og felur að miklum hluta í sér kröfur á það). Halli í opinberum búskap dregur að öðru óbreyttu úr þjóðhagslegum sparnaði og hækkar raunvexti, en hann getur á sama tíma ýtt undir vöxt fjársparnaðar. Fjársparnaður er einnig flæðistærð, og er samansettur annars vegar af frjálsum sparnaði og hins vegar af kerfisbundnum sparnaði, einkum í gegnum lífeyrissjóði.

Meðfylgjandi tafla sýnir áhrifin af upptöku skattlagningar vaxta, eins og hægt er að leiða þau út frá hagfræðikenningum. Miðað er við að skattlagning sé innleidd í litlu landi og að öll önnur lönd hafi þegar innleitt skattlagningu skv. viðeigandi reglu.

	Búseturegla		Upprunaregla	
	HF	FF	HF	FF
Vextir fyrir skatt	+ eða 0	0	+ eða 0	+
Vextir eftir skatt	- eða 0	-	- eða 0	0
Sparnaður einkageirans	- eða 0	-	- eða 0	0
Þjóðhagslegur sparnaður	?	?	?	?
Frjáls fjársparnaður	- eða 0	-	- eða 0	0
Kerfisbundinn fjársparnaður	+ eða 0	0	+ eða 0	0
Fjársparnaður	?	-	?	0

HF = heftar fjármagnshreyfingar, FF=frjálsar fjármagnshreyfingar
Fjárfestingar, sem ekki eru sýndar, minnka með upprunareglu og FF.

Skattur á vaxtatekjur einstaklinga, sem ekki tengist lækkun á öðrum sköttum, mun hafa í för með sér tilhneigingu til lækkunar á vöxtum eftir skatt og það mun draga úr sparnaði einstaklinga. Á móti kemur að skatttekjurnar auka framlag hins opinbera til þjóðhagslegs sparnaðar, að öðru óbreyttu. Heildaráhrifin á þjóðhagslegan sparnað, viðskiptahalla og vexti eru því óljós. Það er athyglisvert að ef fjármagnshreyfingar eru fullkomlega óheftar á milli landa og fjármagnstekjur eru skattlagðar eftir búsetu-reglunni, hefur skattlagningin engin áhrif á vexti fyrir skatt, ef horft er framhjá

skattsvikum. Ástæðan er sú að fjárfestar ná mestri ávöxtun við þessar aðstæður með því að horfa á vexti fyrir skatt, sem hafa því tilhneigingu til að jafnast á milli landa. Vextir eftir skatt og sparnaður einstaklinga minnkar hins vegar örugglega í þessu dæmi. Áhrifin á þjóðhagslegan sparnað og viðskiptajöfnuð verða þó áfram óljós, þar sem þau ráðast af því hvor áhrifin eru sterkari, minni sparnaður einkaaðila eða aukið framlag hins opinbera til þjóðhagslegs sparnaðar. Vandamálið í þessu sambandi er hins vegar möguleikinn á skattsvikum, sbr. kaflinn hér að aftan.

Áhrif skattlagningar fjármagnstekna á þjóðhagslegan sparnað eru í flestum tilfellum óljós. Auðvelt er að stilla upp dæmum þar sem hann eykst, þar sem á móti minni sparnaði einkageirans koma skatttekjur til ríkisins og aukinn sparnaður þess. Ef ekki er gert ráð fyrir auknum skatttekjum, er engin sérstök ástæða til að gera ráð fyrir breytingum á þjóðhagslegum sparnaði. Jafnvel þótt um auknar skatttekjur væri að ræða eru áhrifin óljós. Áhrif skattlagningarinnar á vexti eru heldur ekki augljós þar sem áhrifin á þjóðhagslegan sparnað eru óljós. Hins vegar eru meiri líkur á að vextir fyrir skatt hækki fremur en hitt.

Eignir lífeyrissjóða og tekjur af þeim hafa verið skattfrjálsar og verða það áfram samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum. Þeir hafa ávaxtað eignir sínar fyrst og fremst með skuldabréfakaupum að miklu leyti óháð því hvert vaxtastigið hefur verið á hverjum tíma. Þar sem iðgjöld og lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna fylgja að mestu föstum reglum er afkoma þeirra afar næm fyrir vöxtum. Útgjöld lífeyrissjóða og iðgjaldtekjur eru óháð sköttum. Þar sem tekjur þeirra eru svo næmar fyrir vöxtum er ekki víst að breyting á skattlagningu frjáls sparnaðar leiði til þess að fjársparnaður minnki, nema að vextir hækki óverulega í kjölfar skattlagningar. Sé hækkun vaxta hins vegar marktæk gæti aukinn sparnaður lífeyrissjóðanna gert betur en vega upp að frjáls fjársparnaður minnkar.

Frjálsar fjármagnshreyfingar og skattaundandráttur

Fullkomlega óheftar fjármagnshreyfingar geta stuðlað að löglegri lækkun skatts og skattaundandrætti og þannig grafið undan skattagrunni landa og eðlilegri og réttlátri skattlagningu, ef ríki heimsins koma sér ekki saman um viðbrögð af einhverju tagi. Nauðsynlegt er í þessu sambandi að gera greinarmun á löglegum aðferðum til að lækka skattbyrði í þessu sambandi annars vegar og skattsvikum hins vegar.

Ef skattlagt er samkvæmt búsetureglunni, þannig að allar fjármagnstekjur einstaklinga eru skattlagðar í heimalandinu og þeir fá skattafrádrátt vegna skatta greiddra erlendis, og skattlagt er á rekstrargrunni, næst svokallað *fjármagnsútlutningshlutleysi*, þ.e. skattlagningin hefur ekki áhrif á það hvort fjárfestar fjárfesta í heimalandinu eða í útlöndum. Þetta byggir þó á þeirri forsendu að þeir hyggist ekki reyna að svikja undan skatti og fjárfesting í útlöndum skapi betri möguleika til þess. Í þessu kerfi er allavega enginn möguleiki á skattaundandrætti vegna óheftra fjármagnshreyfinga, nema með því að stunda skattsvik eða að viðkomandi einstaklingur flytji sjálfur búferlum.

Ef skattlagt er samkvæmt upprunareglunni, þannig að fjármagnstekjur eru skattlagðar í upprunalandinu en skattfrjálsar í heimalandinu, næst svokallað *fjármagnsinnflutningshlutleysi*. Allir sem fjárfesta í viðkomandi landi hafa sömu ávöxtun eftir skatt, hvar sem þeir búa. Í þessu kerfi mun fjármagn streyma á milli landa vegna skattlagningar, svo

lengi sem hún er ekki sú sama í öllum löndum. Án slíks samkomulags er hætta á í þessu kerfi að skattasamkeppni leiði smám saman til þess að fjármagnsskattar leggjast af.

Búsetureglan er meginregla í OECD-ríkjum. Vandamálið varðandi frjálsar fjármagnshreyfingar tengist því fyrst og fremst möguleikunum á skattsvikum. Svokallaðar skattavinjar geta aukið þessa möguleika með því að hafa enga staðgreiðsluskatta á fjármagnstekjur útlendinga og draga þannig úr hvata þeirra til að gefa upp tekjurnar í heimalandinu til að fá staðgreiðsluskattana frádregna, eða með því að hafa mun stífari reglur um bankaleynd, sem gerir skattyfirvöldum í heimalandinu nánast ókleift að fá nauðsynlegar upplýsingar til að vinna á móti skattsvikum. Þar sem fyrirliggjandi tillögur byggja á búsetureglunni verður ekki að hægt að komast með löglegum hætti undan skattlagningunni með tilflutningi fjármagns. Fjármagnshreyfingar sem skattlagningin gæti sett af stað mun því annað hvort byggjast á misskilningi eða fela í sér beina tilraun til skattsvika.

Í alþjóðlegri umræðu um þessi efni hafa verið nefndir ýmsir möguleikar til að vinna gegn möguleikunum á skattsvikum í þessu sambandi. Hér eru þessir möguleikar nefndir:

- Öflugra kerfi tvísköttunarsamninga.
- Samstarf um upplýsingaöflun og dreifingu.
- Samhæfing og samræming skattagrunna og hlutfalla.
- Samkomulag um staðgreiðsluskatta.

Samantekt um áhrif stjórnarfrumvarpa

Stjórnarfrumvörpin fela ekki aðeins í sér breytingar á skattlagningu vaxta, heldur er einnig um að ræða umtalsverðar breytingar á skattlagningu arðs, söluhagnaðar og leigutekna. Áhrif á samsetningu sparnaðar gætu því orðið umtalsverð. Auk þess er hugsanlegt að hagstæðari skattlagning arðs miðað við hagnað sem haldið er inni fyrirtækjunum hafi áhrif á umfang arðgreiðslna. Ekki verður farið nánar út í þessi atriði hér og sjónum einkum beint að áhrifunum á sparnað, vexti og fjárstrauma. Að því gefnu að viðbrögð við skattinum byggji á skynsemi og að aðstæður hér á landi séu einhvers staðar á milli heftra og algjörlega hnökralausra fjármagnshreyfinga í hagfræðilegri merkingu, má gera ráð fyrir að áhrifin verði eftirfarandi:

1. Engin ástæða er til að ætla að þjóðhagslegur sparnaður minnki.
2. Vextir fyrir skatt munu líklega eitthvað hækka og vextir eftir skatt lækka.
3. Frjáls fjársparnaður minnkar.
4. Kerfisbundinn sparnaður eykst.
5. Heildaráhrif á fjársparnað eru óljós.
6. Sparnaður einkageirans breytist lítið en samsetning gæti breyst umtalsvert þegar frá líður. Þannig gæti bein fjárfesting í atvinnulífi aukist á kostnað kaupa á skuldabréfum, en á móti komið að útgreiðslur arðs verði auknar.
7. Áhrif á fjármagnshreyfingar verða ekki mikil þegar frá líður. Skammtímaáhrifin eru hins vegar óljós og byggjast að verulegu leyti á sálfræði.

Samantekt um áhrif formannafrumvarpa

Ekki hefur gefist tími til að greina nægjanlega hugsanleg áhrif af tillögum stjórnarandstöðuformanna, einkum varðandi áhrif frítekjumarka og nettóvaxtaskattlagningar

hjá íbúðaeigendum. Í meginatriðum verða áhrifin á sparnað, vexti og fjárstrauma þau sömu og í tilfalli stjórnartillagnanna en gætu orðið eitthvað sterkari, þar sem jaðarskatthlutfall gagnvart raunvöxtum er hærra. Áhrifin á samsetningu sparnaðar verða hins vegar minni. Þau verða þó einnig til staðar, þar sem skattlagning vaxta leiðir til þess að öllu öðru óbreyttu að fjárfesting í skuldabréfum verður ekki eins hagstæð samanborið við fjárfestingu í atvinnulífi eða fasteignum eins og áður var.

5. Önnur atriði

Í lok 3. tl. 1. gr. stjórnarfrumvarpsins til breytinga á lögum nr. 75/1981 er Seðlabanka Íslands falið að reikna út stuðul vegna verðbréfa þar sem ávöxtun safnast upp og er ekki greidd eigendum þeirra reglulega. Bankanum hefur ekki gefist tóm til þess að meta nákvæmlega hvað í þessu ákvæði felst og frestar því að taka efnislega afstöðu til þess fyrr en allar hliðar þess hafa verið gaumgæfilega kannaðar. Hvorki er ljóst af frumvarpinu né af greinargerðinni með því hvaða sjónarmið Seðlabankinn skal leggja til grundvallar við ákvörðun stuðuls þessa. Jafnframt sýnist bankanum, ef hann skilur þau sjónarmið sem þarna liggja að baki, að rétt væri að beita þessum stuðli við fleiri tegundir fjármagnstekna en vaxta af verðbréfum, svo sem söluhagnað af hlutabréfum og skuldabréfum, en í slíkum tilvikum safnast ávöxtun einnig upp og skattskil frestast. Með fyrirvara um að skilningur Seðlabankans á þessum máli sé réttur má einnig spyrja í ljósi þess með hve einföldum hætti á að nálgast skattlagningu fjármagnstekna almennt og hvort nákvæmni á þessu sviði sé í samræmi við heildarsnið frumvarpanna.

Þá er vakin athygli á því að gera verður ráð fyrir því að framkvæmd 9. gr. stjórnarfrumvarps um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur yrði í samræmi við ákvæði laga um bankaleynd.